

Samþykktir Alfreds

I. Heiti félagsins, félagsmenn og markmið

1. gr.

Félagið heitir Alfred, félag enskunema og er félag enskunema við Háskóla Íslands. Hér eftir verður það kallað „Alfred“.

2. gr.

Öll þau sem skráð eru til náms í ensku eða akademískri ensku við Háskóla Íslands geta gerst félagar í Alfred. Þá geta aðrir velunnarar félagsins fengið inngöngu ákveði stjórn Alfreds svo.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna enskunema og hlúa að framgangi og ímynd fræðigreinarinnar jafnt innan háskólans sem utan. Félagið skal efla félagslíf enskunema.

4. gr.

Félagið mun ná settum tilgangi til dæmis með því að halda reglulega viðburði, gefa út tímarit ár hvert og vera sýnileg á samfélagsmiðlum og innan greinarinnar. Félagið mun auk þess efla til tengsla við önnur nemendafélög á hugvísindasviði.

5. gr.

Félagsgjöld skulu vera ákveðin af stjórn hverju sinni og eru greidd á haustönn eða eftir samkomulagi.

II. Stjórn félagsins

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð forseta, varaforseta/ritara, skemmtanastjóra og gjaldkera og er hún kjörin til eins árs í senn. Með stjórn félagsins skal einnig starfa einn eða tveir fulltrúar fyrsta árs nema og hagsmunafulltrúi. Einnig skal ritstjóri sitja í stjórn Alfreds.

Þá er hægt að mynda bráðabirgða stjórn sem samanstendur af forseta, gjaldkera og hagsmunafulltrúa, sé ekki hægt að fylla allar stöður.

7. gr.

Forseti félagsins er helsti talsmaður þess og ber ábyrgð á miðlun upplýsinga til félagsmeðlima og stjórnar. Hann boðar til stjórnarfunda sem og aðalfunda. Hann heldur prókúru ásamt gjaldkera. Hann ber ábyrgð á því að úthluta störfum til stjórnarmeðlima.

8. gr.

Varaforseti félagsins er staðgengill forseta og gegnir einnig starfi sem ritari félagsins. Hann skal halda gerðabók, þar sem í eru skráðir fundir stjórnarinnar, almennir félagsfundir og allir aðrir helstu viðburðir er félagið varðar.

9. gr.

Skemmtanastjóri heldur utan um, auglýsir og ber ábyrgð á þeim skemmtunum sem eru á vegum félagsins.

10. gr.

Gjaldkeri félagsins sér um fjárreiður þess. Hann heldur sjóðsbók um tekjur félagsins og gjöld og leggur fram reikninga þess á aðalfundi í lok hvers árs. Hann býr til fjárhagsáætlun með hagsmuni félagsmeðlima í huga.

11. gr.

Fulltrúi/ar fyrsta árs nema í stjórn sjá um að hagsmunum þeirra sé borgið innan Alfreds og hafa kosningarétt innan stjórnar líkt og aðrir stjórnarmeðlimir.

12. gr.

Ritstjóri félagsins er ábyrgðaraðili tímarits enskunema, sem skal vera gefið út ár hvert. Hann situr í stjórn Alfreds og hefur kosningarétt líkt og aðrir stjórnarmeðlimir.

13. gr.

Hagsmunafulltrúi félagsins sér um hagsmuni enskunema með því meðal annars að mæta á greinarfundi með kennurum í námsleiðinni og vera upplýstur um stöðu og líðan enskunema. Hagsmunafulltrúi gegnir einnig starfi sem trúnaðarfulltrúi sem enskunemar geta leitað til.

14. gr.

Kosning stjórnar fer fram á aðalfundi Alfreds og er bindandi. Séu fleiri en einn frambjóðandi til hvers embættis skal kosið á milli þeirra. Kosning skal vera leynileg. Sá frambjóðandi sem fleiri atkvæði hlýtur í kosningunni er talinn réttkjörinn í embættið. Ef enginn frambjóðandi hlýtur meirihluta skal kosið aftur á milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu.

15. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum gagnvart öðrum aðilum.

Á fyrsta fundi skulu stjórnarmeðlimir skilgreina nánar hlutverk sitt í stjórn og setja sér verklagsreglur, t.d. skal kjósa um það hver sér um tölvupóst félagsins, samfélagsmiðla þess, ljósmyndun á viðburðum, o.s.frv.

III. Aðalfundur

16. gr.

Aðalfundur félagsins skal vera haldinn í apríl eða maí ár hvert.

17. gr.

Boða skal til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara og með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað og fundarboðið hafi verið öllum félagsmönnum aðgengilegt.

18. gr.

Þegar aðalfundur er boðaður skal dagskrá fundar kynnt. Ef breytingar verða á dagskrá skulu þær vera tilkynntar sem fyrst.

19. gr.

Einfaldur meirihluti skráðra aðila félagsins sem viðstaddir eru á aðalfundi ræður úrslitum mála. Öll viðstödd skulu hafa málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

Starfstímabil félagsins er skólaárið, þó getur ný stjórn unnið undirbúningsvinnu yfir sumarið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs.

IV. Réttindi og skyldur

21. gr.

Ef forseti, varaforseti/ritari, gjaldkeri, hagsmunafulltrúi eða skemmtanastjóri segir af sér á miðju tímabili er leyfilegt að meirihluti stjórnarinnar kjósi sér nýjan fulltrúa til að gegna því embætti út tímabilið.

Varaforseti skal þó ávallt vera staðgengill forseta þar til nýr forseti hefur verið kjörinn.

Í tilvikum þar sem einstaklingur hefur vanrækt skyldur sínar í starfi, getur stjórn tekið ákvörðun á formlegum stjórnarfundum að reka þann einstakling með rökstuðningi, með samþykki 2/3 stjórnar.

22. gr.

Ef ágreiningur kemur upp vegna val stjórnar á einstakling í laust embætti eða ef vantar í embætti geta félagsmenn boðað til almenns félagsfundar í byrjun haustanna.

23. gr.

Vantraust á embættismenn félagsins skal borið fram skriflega og skulu minnst 10% félagsmanna undirrita það. Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar um vantrauststillöguna innan viku frá því hún er fram borin. Til að vantrauststillaga hljóti samþykki þurfa meirihluti fundarmanna að samþykkja hana. Að lágmarki skulu vera 75% félagsmanna viðstaddir á slíkum fundi svo hann teljist gildur. Ef vantrauststillaga er samþykkt skal kosið á ný til embættis á sama hátt og á aðalfundi.

24. gr.

Óski félagsmenn eftir því að skoða bókhald félagsins þarf þá að koma formleg beiðni til stjórnar og fer það þá í hlut gjaldkera að fara yfir bókhaldið með þeim félagsmanni/félagsmönnum. Skal það vera afgreitt sem fyrst.

V. Lagabreytingar og félagsslit

25. gr.

Til að breyta lögum félagsins þarf meirihluta atkvæða á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins í seinasta lagi fjórum dögum fyrir auglýstan fund (nema ef lagabreytingartillaga á sér stað í kjölfar aðstæðna lýst í 30. gr.) og skulu auglýstar um leið og þær berast á þeim stöðum þar sem fundurinn er auglýstur.

26. gr.

Komi fram tillaga um að leggja félagið niður þarf að lágmarki 75% félagsmanna að vera viðstaddir á aðalfundi og öll mætt þurfa að greiða atkvæði fylgjandi þeirri tillögu. Eigi félagið eignir við slit skulu þær renna til þeirra góðgerðamála og/eða nemendafélaga við Háskóla Íslands sem ákveðin verða á slitafundi.

27. gr.

Ef að skilyrðum sem sett eru í lögum félagsins er ekki fullnægt, má stjórnin ákveða með meirihluta að skilyrði séu sett til hliðar í minniháttar málum, til þess að tryggja hagsmuni félagsmanna.

V. Ýmis ákvæði

28. gr.

Tímarit enskunema skal vera undir stjórn Alfreds. Embætti ritstjóra skal vera kosið á aðalfundi samhliða nýrrar stjórnar Alfreds (sjá 14. gr.) og skal ritstjóri einnig gegna almennu hlutverki stjórnarmeðlims (sjá 12. gr.).

29. gr.

Lög Alfreds skulu vera þýdd yfir á ensku og skal þýðingin vera jafngild íslensku lögunum. Ef að mismunandi merking orða í lagagreinum leiðir til ágreinings, sökum blæbrigðamuns tungumálanna, skal sá lagatexti vera notaður sem hagnast þeim best sem stendur á móti stjórninni.

30. gr.

Ef aðstæður koma upp sem ekki eru gerð skil á í lögum, skulu þær aðstæður vera leystar á skynsaman hátt, í góðri trú meirihluta stjórnarinnar, í samræmi við gild lög hverju sinni. Skulu þess háttar málaferli vera borin upp og útskýrð á aðalfundi, svo hægt sé að bæta við lagagreinum til þess að fyrirbyggja sömu aðstæður, ef þess er talið þörf.

Lög þessi voru leiðrétt á fundi

Dagsetning: 22.07.2023